

FUNDARGERÐ

BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

600. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 25. maí 2009 kl.
10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Húnakorns ehf.
2. Viðræður við forstöðumann tæknideildar.
3. Samráðsfundur um kjara- og mannauðsmál.
4. Fundargerð stjórnar SSVN frá 12. maí sl.
5. Drög að reglum um akstursstyrki til foreldra í dreifbýli með börn í leikskóla.
6. Bréf USVH.
7. Samningur um viðbyggingu við verknámshús FNV.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Húnakorns ehf. Karl Guðmundsson og Ægir Jóhannesson eru mættir til viðræðna við byggðarráð. Greindu þeir frá stofnun félags um kornrækt í Vestur-Húnavatnssýslu en alls eru 15 hluthafar í nýstofnuðu hlutafélagi þar um. Með bréfi sem lagt var fram á 598. fundi byggðarráðs óskuðu fulltrúar Húnakorns ehf. eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra. Samþykkt að vísa erindi félagsins til endurskoðunar fjárhagsáætlunar ársins 2009.
2. Forstöðumaður tæknideildar er mættur til viðræðna við byggðarráð. Farið var yfir framkvæmdir vegna fyrirhugaðra endurbóta Húnaþings vestra og Vegagerðar á Hvammstangabraut/Norðurbraut. Kynnt drög að samningi milli Húnaþings vestra og Vegagerðar um kostnaðarskiptingu samstarfsverkefnisins. Byggðarráð felur sveitarstjóra undirritun samningsins. Byggðarráð samþykkir að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda, Kraftlind ehf.
3. Fyrirhuguðum samráðsfundi Launanevndar sveitarfélaga með kjörnum sveitarstjórnarmönnum og starfsmönnum sveitarfélaga sem fara með kjara- og mannauðamál sem vera átti á Blönduósi þann 29. maí nk. hefur verið frestað um óákveðinn tíma.
4. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar SSVN frá 12. maí sl. Elín R. Líndal skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
5. Sveitarstjóri og skrifstofustjóri lögðu fram drög að reglum um akstursstyrki til foreldra í dreifbýli með börn á leikskóla. Samþykkt að vísa reglunum til afgreiðslu sveitarstjórnar.
6. Frá USHV eru lagðar fram eftirfarandi upplýsingar; Þinggerð 68. Héraðsþings USVH, ársreikningur USVH fyrir árið 2008, starfsskýrsla stjórnar USVH 2008, starfsskýrslur aðildarfélaga USVH svo og tillögur sem samþykktar voru á Héraðsþingi sambandsins þann 7. apríl sl.
7. Fram lagður til kynningar samningur um viðbyggingu verknámshúss Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Samningurinn er undirritaður af fulltrúum menntamálaráðuneytis, fjármálaráðuneytis og fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vestra með fyrirvara um samþykki þeirra. Áætlaður kostnaður Húnaþings vestra v/ samningsins er um 5 millj.

Handwritten signatures and initials:
H.A. [Signature] [Signature] [Signature]

kr. sem skiptist til helminga á árin 2009 og 2010. Samþykkt að vísa áætluðum kostnaði ársins 2009 til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

8. Viðræður við forstöðumann tæknideildar um framkvæmd verksamninga. Byggðarráð samþykkir að frá og með 1. júní 2009 verði innheimtar tafabætur af verksamningum nema að ákvörðun sé tekin um annað í byggðarráði.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Ólafur R. Rúnarsson
Rannveig Rúnarsdóttir
Hinnir Agústsson

Fundi slitið kl. 13:05

Jóni Þórnýsson
Leifur Ragnarsdóttir

Aðeyrnarfulltrúi:

Ólafur Rúnarsson